

## Fundargerð

Aukaaðalfundur Búmanna hsf. var haldinn þriðjudaginn 3. mars 2020 kl. 14:00 á Grand Hótel, Sigtúni 38, Reykjavík. Fyrir fundinum lá áður gerð og birt dagskrá.

1. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
2. Tillögur stjórnar Búmanna hsf. um breytingar á samþykktum Búmanna hsf.
3. Önnur mál.

Mættir voru um það bil 70 félagsmenn.

- Áskell Jónsson formaður setti fundinn og gerði að tillögu sinni að Pétur Örn Sverrisson hrl. yrði fundarstjóri og Halldóra Erlendsdóttir fundarritari. Var það samþykkt.
- Pétur Örn tók við fundarstjórn. Kölluð voru upp nöfn allra kjörinna fulltrúa og merkt við þá sem voru mættir og þeim afhent spjöld til að nota við atkvæðagreiðslu. Mættir voru samtals 43 aðal- og varafulltrúar af 60 fulltrúum. Fundarstjóri lýsti því yfir að til fundarins hefði verið löglega boðað og að fundurinn væri lögmætur.
- Fundarstjóri gaf orðið laust.

Kristinn Bjarnason lögmaður Búmanna kynnti breytingartillögur þær er fyrir fundinum lágu. Pétur Arnar Pétursson steig í pontu og ræddi um deildaskiptinguna sem hann vill hafa áfram. Hann lagði fram tillögu undirritaða af fulltrúum Eyjafjarðardeildar Búmanna hsf. Tillagan fjallar aðallega um 5. kafla samþykktta félagsins. Í tillöggunni segir m.a.: „Fundurinn lýsir yfir áhyggjum sínum á þeim breytingum sem boðaðar eru og telur að rétt sé að fresta þeim breytingum sem fela í sér að fella út úr samþykktum félagsins 5. kafla þeirra, þar sem kveðið er á um deildaskiptingu félagsins.“

Nokkur umræða varð um tillöguna og nokkrar spurningar komu fram.

Formaður gerði grein fyrir breytingartillögum stjórnar á 13. gr. samþykktu félagsins.

Nokkrir stigu í pontu og sögðu sitt álit, bæði um tillögu Eyjafjarðardeildar og aðrar breytingartillögur. Spurt var um 4. gr. og 12. gr.

Kristinn Bjarnason lögmaður svaraði spurningum sem fram komu.

Að loknu kaffihléi:

- Fundarstjóri bar fram breytingartillögur stjórnar við 4. gr., 6. gr., 7. gr. og 26 gr. Þær voru allar samþykktar, enginn á móti.

Fundarstjóri las nú upp tillögu Eyjafjarðardeildar og bar hana fram til samþykktar.

8 samþykktu, 32 voru á móti, 1 sat hjá.

Tillagan var því felld.

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um breytta 13. gr. og var samþykkt að bera hana undir fundinn.


Fundarstjóri bar nú fram tillögur stjórnar um breytingar við 10. gr., 11. gr., 12. gr. og 13. gr. Auk þess er gerð tillaga um að 5. kafli í heild sinni falli út úr samþykktum félagsins. 33 samþykktu, 6 voru á móti, 1 sat hjá.


Fundarstjóri lýsti því að tillögur til breytinga á samþykktum Búmanna hsf. hefðu verið samþykktar með nægilegum fjölda atkvæða.

- Önnur mál:  
Engin.
- Fundarstjóri gaf formanni orðið.  
Hann þakkaði fundargestum góðan fund og óskaði þeim velfarnaðar.

Fundartími: Kl. 14:00-16:10.

Gert í Kópavogi 3. mars 2020.

  
Halldóra Erlendsdóttir  
fundarritari

  
Jón Þorláksson  
Guðrún Þórhildur Guðrún Þórhildur  
Ragnar M. Sigurðsson